

Föstudaginn 26. maí 1950.

Nr. 51/1949. **Bogi Brynjólfsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Dánarbúi Árna Sigfússonar

(Gústaf A. Sveinsson).

Þóknun fyrir innheimtutilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1949 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 5866.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Þegar litið er til umstangs og erfiðrar aðstöðu við innheimtu kröfu þeirrar á hendur herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, sem í málinu greinir, svo og þess, að ekki verður talið, að umboðsmaður Árna Sigfússonar, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hafi á neinn hátt borið fyrir borð hagsmuni umbjóðanda síns, þá þykir þóknun fyrir störf hans hæfilega ákveðin kr. 3500.00.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um aðra kröfuliði málsins með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 4366.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, dánarbúi Árna Sigfússonar, greiði áfrýjanda, Boga Brynjólfssyni, kr. 4366.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og málskostnað samtals kr. 1500.00 í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1947.

Mál þetta, er dómtekið var 23. þ. m., hefur Bogi Brynjólfsson, fyrrum sýslumaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. apríl 1945 gegn Árna kaupmanni Sigfússyni, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 5866.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu, til vara, að fjárhæð þeirri, er hann yrði talinn eiga að greiða stefnanda, verði skuldajafnað við skaðabótakröfu, er hann eigi á hendur Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius, eins og síðar verður greint, en til þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Með ódagsettum samningi, sem talinn er gerður 3. nóvember 1941, leigði Útvegsbanki Íslands h.f. frá 1. okt. 1940 að telja hermálaráðherra Bretlands húseignina Skálholt, nr. 43 við Urðarveg í Vestmannaeyjum, ásamt lóð, en eign þessa átti bankinn. Var svo ákvæðið í samningnum, að yrðu spjöll á eigninni umfram venjulegt slit, skyldi leigutaki bæta að leigutíma loknum eða skaðabætur fyrir.

Hinn 23. desember 1941 tók herstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku við leigusamningi þessum með samþykki leigusala og gekk inn í rétt og skyldur leigutaka. Um svipað leyti gerðu Útvegsbanki Íslands h.f. og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku nýjan leigusamning um nefnda húseign. Í samningi þessum var ákvæði þess efnis, að leigutaki skyldi greiða sanngjarna uppþót eða endurbæta eignina, svo að hún verði í sama ásigkomulagi og hún var, er leigutaki tók við henni samkvæmt samningnum. Enn fremur var það ákvæði sett, að yrði ágreiningur um skaðabætur eða skemmdir, skyldi sendiherra Bandaríkja Norður-Ameríku og einn af dómurum Hæstaréttar úrskurða.

Með afsali, dags. 31. október 1942, seldi Útvegsbankinn stefnda í máli þessu umrædda húseign og framseldi honum jafnframt allan rétt sinn samkvæmt áðurgreindum samningum. Húseignin varð fyrir allmiklum skemmdum á leigutímabilinu, og í ársbyrjun 1943 fól stefndi Magnúsi hæstaréttarlögmanni Thorlacius innheimtu bótakröfu á hendur Bandaríkjum Norður-Ameríku og hermálaráðherra Bretlands. Hóf hæstaréttarlögmaðurinn samningaumleitanir við herstjórn Bandaríkjanna, en samningar gengu treglega. Varð loks úr, að menn voru dómkvaddir af bæjarfógeta Vestmannaeyja til þess að meta skemmdir hússins. Fjárhæð matsins, sem dagsett er 10. apríl 1943, nam kr. 72180.20. Þótti herstjórninni fjárhæð þessi allt of há og taldi, að ekki hefði verið tekið tillit til venjulegs slits eða ásigkomulags og aldurs hússins, er leigutímabilið hófst. Hæstaréttarlögmaðurinn bað stefnda þá að láta fara fram annað mat á þessum grundvelli, en hann kvaðst vilja halda fast við matið, eins og það lægi fyrir, og voru matsmenn látnir staðfesta matið með eiði. Hugðist hæstaréttarlögmaðurinn þá neyta 13. gr. samningsins og ritaði dómsmálaráðherra bréf þess efnis, að Hæstiréttur kveddi til einn dómara í gerðar-

dóm. En þar eð samningsákvæði þetta hafði verið sett að Hæstarétti forspurðum, varð dómsmálaráðherra ekki við þessum tilmælum. Síðar var málið borið undir islenzk-amerísku matsnefndina, en þar náðist eigi samkomulag. Er hér var komið, fékk hæstaréttarlögmaðurinn sérstakt umboð, dags. 21. júní 1944, hjá stefnda til þess að höfða mál á hendur ríkissjóði til greiðslu skaðabótanna samkvæmt lögum nr. 99 frá 1943, og hinn 10. júlí 1944 tók hann út stefnu á fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. En hinn 12. s. m. skrifaði stefndi honum bréf og svipti hann umboði til meðferðar málsins og gerði kröfu til skjala þeirra viðvíkjandi því, er hann hefði undir höndum. Bréfi þessu svaraði hæstaréttarlögmaðurinn 21. s. m. og sagði, að áfallinn málskostnaður nemi kr. 5564.15 og að þegar hann hefði móttengið þá fjárhæð, mundi hann senda skjölin. Stefndi svaraði bréfi þessu hinn 29. s. m. og mótmælti málskostnaðarkröfunni og einnig sem of hárrí, en taldi eigi að svo stöddu ástæðu til þess að ræða frekar um hana. Hinn 11. apríl 1945 framseldi hæstaréttarlögmaðurinn kröfu sína á hendur stefnda stefnanda, en hann höfðaði sama dag mál á hendur stefnda, eins og fyrr greinir.

Kröfu sína byggir stefndi á því, að þar eð hæstaréttarlögmanninum hafi mistekizt innheimtan, beri honum engin laun fyrir. Á þessa skoðun stefnda verður ekki fallizt. Hæstaréttarlögmaðurinn hafði mikla fyrirhöfn vegna málsins og greiddi ýmis gjöld, er telja verður stefnda bera að greiða. Sýknukrafa hans verður því ekki tekin til greina á þessum grundvelli.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að framkoma hæstaréttarlögmannsins í málinu hafi bakað stefnda stórtjón. Sú afstaða, sem hann hafi tekið til framangreinds mats, hafi komið í veg fyrir, að samningar tækjust við herstjórnina á grundvelli þess, auk þess sem hann hafi frá byrjun haldið linlega á málinu gagnvart herstjórninni og dregið málið óhæfilega á langinn. Tjón stefnda vegna þessa nemi að minnsta kosti stefnufjárhæðinni og eigi það að koma til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda. Gegn eindregnum mótmælum af hálfu stefnanda verður ekki talið, að stefndi hafi fært sönnur á staðhæfingu sína um, að hæstaréttarlögmaðurinn hafi valdið honum tjóni með framkomu sinni í málinu. Þegar þess er gætt, hve margþætt og umfangsmikið mál þetta var, verður heldur ekki talið, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á meðferð þess í höndum lögmannsins. Varakrafa stefnda verður því ekki heldur tekin til greina.

Verður þá næst fyrir að athuga þrautavarakröfu stefnda.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Þýðing og túlkun	kr. 469.95
2. Annar útlagður kostnaður	— 396.70
3. Þóknun	— 5000.00

Samtals kr. 5866.65

Um 1. Stefndi hefur mótmælt lið þessum sem sér óviðkomandi. Ekki verður annað séð en að réttilega hafi verið ráðizt í kostnað þenna til þess

að tryggja skjóta og rétta þýðingu á bréfum af hálfu stefnda svo og túlkun á viðtölum umboðsmanns hans í sambandi við alla kröfugerð stefnda á hendur herstjórninni. Ber stefnda því að greiða þenna lið, enda hefur fjárhæð hans ekki sætt andmælum.

Um 2. Lið þenna hefur stefndi ekki véfengt, og verður hann því einnig tekinn til greina.

Um 3. Stefndi hefur haldið því fram, að þar eð innheimta skaðabótanna hafi alveg mistekizt hjá hæstaréttarlögmanninum, beri honum engin innheimtulaun heldur einungis einhver þóknun. En þóknun sú, er hann telji sig eiga, sé allt of há, enda beri að miða við gjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, er í gildi var frá 8. janúar 1942 til 15. desember 1944.

Það er ljóst af skjölum málsins, að starf og fyrirhöfn hæstaréttarlögmannsins hefur verið allmikil. Þá verður ekki séð, að hann hafi átt sök á, að afskiptum hans af málinu lauk, áður en það var til lykta leitt. Þykir hæstaréttarlögmaðurinn því hafa átt rétt á þóknun fyrir starf sitt, sem eftir öllum atvikum telst hæfilega ákveðin kr. 2500.00.

Að því er varðar málskostnaðarkröfu stefnanda, þykir kröfugerð hæstaréttarlögmannsins í öndverðu ekki svo skýr sem skyldi, en stefnandi lét undir höfuð leggjast að krefja stefnda um greiðslu, áður en mál þetta var höfðað. Með hliðsjón af þessu svo og kostnaði þeim, er stefndi hefur haft í sambandi við mál þetta, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður gert að greiða stefnanda kr. 3366.65 (469.95 + 386.70 + 2500.00) með 6% ársvöxtum, er teljast frá stefnudegi.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Árni Sigfússon, greiði stefnanda, Boga Brynjólfssyni, kr. 3366.65 með 6% ársvöxtum frá 11. apríl 1945 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.